

11. gr.

68

23. júní

Þá er lög þessi hafa öðlazi staðfestingu konungs, er ráðherra heimilt að láta fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

69

23. júní

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

69 Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzl-
23. júní um sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55
14. júní 1929, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, upphæð, sem nægir til þess að sjóðurinn hafi 50